

**Nd.**

**597. Nefndarálit**

[235. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnu háskólans í meinafræði, Orkustofnun, Félagi háskólakennara, Rannsóknaráði ríkisins, Iðntæknistofnun Íslands, Háskóla Íslands, Líffræðistofnun háskólans og Verkfræðistofnun Háskóla Íslands. Þá hefur nefndin fengið til viðtals fulltrúa frá Háskóla Íslands, menntamálaráðuneyti og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin telur rétt að leggja fram breytingartillögur við 2. og 5. gr. frv. Skýringar við þessar breytingartillögur eru eftirfarandi:

Við 2. gr.

Í fyrri málsgreininni er lagt til að nú sé veitt heimild til að flytja dósent í prófessorsstöðu. Tillaga um þetta var samþykkt í háskólaráði í september 1982.

Í umsögnum Félags háskólakennara og Raunvísindastofnunar háskólans um frv. er vakin athygli á nauðsyn þess að opna dósentum og forstöðumönnum háskólastofnana leið til stöðuhækkunar og á þann hátt að veita starfsmönnum viðurkenningu á grundvelli hæfni. Kostnaðarauki yrði í flestum tilvikum lítill, stundum enginn.

Rétt er að taka fram að tilflutningur í dósents- og prófessorsstöður er bundinn við einstaklinga, þannig að þegar viðkomandi einstaklingur hverfur úr starfi verður staðan á ný bundin við það starfsheiti sem viðkomandi var fluttur úr.

Síðari mgr. er óbreytt frá því sem er í frv. að öðru leyti en því að vitnað er til þeirra reglna sem gilda um flutning dósenta í prófessorsembætti. Rétt er að taka fram að hér er átt við þá forstöðumenn háskólastofnana sem skipaðir eru eða settir í forstöðumannsstarfið. Ekki er átt við forstöðumenn stofnana innan háskóladeilda sem kjörnir eru úr hópi kennara til ákveðins tíma í senn.

Við 5. gr.

Breytingartillagan við fyrri mgr. 5. gr. miðar að því að gera ákvæðið um þróunarmiðstöð háskólans, sem skv. breytingartillögunum verður nefnd þjónustumiðstöð, skýrari. Gert er ráð fyrir að miðstöðin standi undir eigin rekstri og að tekjur hennar verði gjöld fyrir veitta þjónustu.

Varðandi síðari mgr. 5. gr. er sú breyting lögð til að tekin er út úr frv. heimild til að eiga aðild að öðrum félögum en þeim sem eru með takmarkaða ábyrgð eigenda. Gert er ráð fyrir að fé til þátttöku fái úr sjóðum háskólans sjálfs, aðallega úr háskólasjóði. Ágóði mun og renna til háskólans. Ábyrgð er takmörkuð og því stofnast ekki sjálfkrafa til ríkisábyrgðar á rekstrinum.

Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frv.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykkt þessari afgreiðslu.

Alþingi, 20. mars 1985.

Halldór Blöndal,  
form.

Birgir Ísl. Gunnarsson,  
frsm.

Ólafur G. Einarsson.

Hjörleifur Guttormsson.

Kristín S. Kvaran.

Marianna Friðjónsdóttir.

Magnús Reynir Guðmundsson.